

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 374 14. október 1976 um gatnagerðargjöld á Helli í Rangárvallahreppi Rangárvallasýslu.

2. mgr. orðist svo:

„Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir skulu vera þeir sömu og vextir Bygðasjóðs eru á hverjum tíma og greiðast eftir á á sömu gjalddögum.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 578.

7. september 1981.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað nr. 83 7. mars 1975.

2. mgr. greinar 2. 1. orðist svo:

„Gjaldskráin er því háð vísitölu byggingarkostnaðar og skal breytast ársfjórðungslega samhlíða breytingum er verða á byggingarvísitölu.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 579.

15. september 1981.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Laxárdalshreppi nr. 331 25. júlí 1979.

12. gr. orðist svo:

„Gatnagerðargjöld samkvæmt 8. grein greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 4 árum og skulu bundnar lánskjaravísitölu eða gengistryggðar og bera vexti eins og lán Bygðasjóðs til gatnagerðarframkvæmda á hverjum tíma.

Gjalddaga ákveður hreppsnefnd hverju sinni.“